

Námsval

í 8. - 10. bekk 2012-2013



Foldaskóli
Logafold 1, 112 Reykjavík
Sími: 5407600, bréfsími: 5407601

NÁM Í 8., 9. OG 10. BEKK FOLDASKÓLA 2012 - 2013

Talsverðar breytingar verða á skólagöngu nemenda þegar þeir koma á unglingastig. Þær stærstu felast í því að nemendur í Folda-, Hamra- og Húsaskóla koma saman í safnskóla. Fleiri kennarar annast kennsluna, fagkennarar, en einn kennari hefur umsjón með bekknum. Nemendur hafa ekki lengur bekkjarstofu heldur fara á milli fagstofa, bera nú meiri ábyrgð á námi sínu en áður og þurfa að passa vel upp á hvar þeir eiga að sækja tíma svo og hvaða námsgögn þarf að hafa með hvern dag. Því er mikilvægt er að forráðamenn taki áfram virkan þátt í skólagöngunni og fylgist vel með náminu sem og skólasókn.

Skipulag náms í 8., 9. og 10. bekk er með þeim hætti að til kjarnagreina teljast íslenska, stærðfræði, enska, danska, náttúrufræði, samfélagsfræði, íþróttir, sund og lífsleikni. Auk þess sækja nemendur í 8. bekk tíma í upplýsingamennt og í 9. og 10. bekk er bundið val í náttúrufræði og samfélagsfræði. Með bundnu vali aukast möguleikar nemenda á að hafa áhrif á nám sitt eins og aðalnámskrá kveður á um.

Nánari lýsingar á kjarnagreinum verður að finna í *Námsvísi* árganganna sem uppfærður verður í haust og hafður sýnilegur á heimasíðu skólans, www.foldaskoli.is.

Auk kjarnagreina eru í boði valgreinar sem nemendur velja eftir áhugasviði. Til að auka fjölbreytnina í valáföngum er einnig boðið upp á sameiginlegt val í grunnskólunum í Grafarvogi. Nemendur þurfa í þeim tilvikum að koma sér á milli skólanna og sækja námið í blönduðum hópi nemenda úr Grafarvogi. Fjöldi valgreina er misjafn eftir árgöngum og eru sumar þeirra kenndar í blönduðum hópi 8.–10. bekkja. Heildartímafjöldi í kjarna, bundnu vali og valgreinum eiga að vera 37 stundir á viku, þar af er fjöldi valtíma átta hjá nemendum í 9.-10. bekk en fimm hjá 8. bekk.

Við skipan í hópa í valgreinum er leitast við að nemendur fái sem besta stundatöflu. Nemendur þurfa að vera viðbúnir því að stunda nám í greinum sem ekki lenda númer eitt, tvö eða þrjú á vallista þeirra. Ófyrirséðar ástæður geta valdið því að ekki verði hægt að uppfylla allar óskir nemenda um valgreinar. Fjöldi í valhópum og tímasetning hópa í stundaskrá hefur t.d. áhrif þar á.

Í boði eru framhaldsskólaáfangar í samvinnu við tiltekna framhaldsskóla, kenndir ýmist þar eða í samvali skólanna í Grafarvogi. Einnig hefur nemendum gefist kostur á að skrá sig í fjarnámsáfanga við framhaldsskóla sem metinn er sem valgrein í 10. bekk. Er þá um að ræða nemendur sem skara fram úr í námi almennt eða í einstaka greinum og hefur námsráðgjafi milligöngu þar um.

Þeir nemendur, sem stunda formlegt nám utan skóla, geta fengið það metið sem valgrein í 8., 9. og 10. bekk. Þá er t.d. átt við tónlistarnám í viðurkenndum tónlistarskóla, markvissa þjálfun hjá íþróttafélagi eða leiðtoganám í æskulýðsstarfi. Ber þá að skila inn staðfestingu frá skóla eða kennsluaðila með umsókninni þar sem fram kemur tímafjöldi, lýsing á námi, uppbygging og markmið. Þá þarf í tvígang að skila inn mati á árangri nemandans eftir veturinn og yfirliti yfir tímasókn. Forráðamaður sækir skriflega um fyrir barn sitt og ber ábyrgð á ástundun gagnvart skólanum.

Reynt er að koma því við að umsjónarkennarar kenni sínum umsjónarnemendum að minnsta kosti eina námsgrein auk lífsleiknitíma sem eru tvær kennslustundir á viku.

Skipulag kennslu næsta skólaárs ræðst af vali nemenda og því verða breytingar á vali ekki mögulegar eftir að stundatöflur hafa verið gerðar. Nemendur þurfa að íhuga vandlega val sitt. Þeir verða að gera sér fulla grein fyrir hvað felst í vali þeirra; þeim kröfum sem gerðar eru um viðfangsefni, ástundun og vinnubrögð.

Foldaskóli leggur áherslu á að stundaskrár nemenda verði eins góðar og aðstæður leyfa. Reynt er eftir föngum að þjappa stundaskrá elstu nemenda sem mest á fyrri hluta dags en eðli máls samkvæmt nær vinnutími þeirra fram á daginn flesta daga vikunnar.

Lögð er áhersla á að nemendur stundi nám sitt vel, bæði í skólanum og heima fyrir. Nemendur eru hvattir til að nýta tíma sinn í skólanum sem best með heimanámi á skólatíma og til þess hefur bæði verið sköpuð aðstaða á skólasafni og miðrymum skólans.

Vinnufriður á að ríkja í skólanum og hart verður tekið á þeim nemendum sem spilla námsmöguleikum skólafélaga sinna með óviðeigandi hegðun í skólanum.

***Lýsingar á valgreinum eru birtar með fyrirvara um breytingar.**

Nám í 8., 9. og 10. bekk skiptist þannig:

Námsgreinar	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur
KJARNAGREINAR			
Íslenska	6 st.	6 st.	6 st.
Stærðfræði	6 st.	6 st.	6 st.
Danska	4 st.	4 st.	4 st.
Enska	4 st.	4 st.	4 st.
Náttúrufræði	3 st.	2 st.	2 st.
Samfélagsfræði	3 st.	2 st.	2 st.
Íþróttir	2 st.	2 st.	2 st.
Sund	1 st.	1 st.	1 st.
Lífsleikni	2 st.	2 st.	2 st.
Upplýsingamennt	1 st.		
BUNDIÐ VAL			
Náttúrufræði I og II	-	2 st.	2 st.
Samfélagsfræði I og II	-	2 st.	2 st.
VALGREINAR			
Boltafræði	-	2 st.	2 st.
Bókfærsla	-	2 st.	2 st.
Búninga- og leikmunagerð fyrir Skrekk	-	2 st.	2 st.
Dans	1 st.	1 st.	1 st.
Enski boltinn	-	2 st.	2 st.
Félagsstörf	2 st.	2 st.	2 st.
Fjölmíðlun	-	2 st.	2 st.
Förðun I	-	1 st.	1 st.
Förðun II	-	1 st.	1 st.
Fornám ökunáms	-	-	1 st.
Graffiti	2 st.	2 st.	2 st.
Heilsusmiðja og jóga	-	2 st.	2 st.
Heimilisfræði I (2 st. eina önn)	1 st.	1 st.	1 st.
Heimilisfræði II	-	2 st.	2 st.
Hreyfimyndagerð	2 st.	2 st.	2 st.
Hönnun og smíði	2 st.	2 st.	2 st.
Íslenska 103	-	-	2 st.
Íþróttfræði	-	2 st.	-
Leiklist/Skrekkur (3 st. fyrir jól)	1,5 st.	1,5 st.	1,5 st.

Námsgreinar	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur
Leirlist	2 st.	2 st.	2 st.
Líkamsrækt	-	2 st.	2 st.
Málmtækni BHS	-	3 st.	3 st.
Myndlist	2 st.	2 st.	2 st.
Myndlist þrívídd	2 st.	2 st.	2 st.
Nám utan skóla	2 st.	2 st.	2 st.
Prjón og hönnun	-	2 st.	2 st.
Skák	1 st.	1 st.	1 st.
Slökun, hugleiðsla og heilbrigðir lífshættir	1 st.	1 st.	1 st.
Spænska	-	2 st.	2 st.
Stafræn ljósmyndun	-	-	2 st.
Textílmennt	2 st.	2 st.	2 st.
Textílmennt fatahönnun	-	2 st.	2 st.
Tónlist – samspil	2 st.	2 st.	2 st.
Upplýsingamennt	-	2 st.	2 st.
<i>Fjarnám</i>	-	2 st.	2 st.
SAMVAL			
Enska 103	-	-	2 st.
First Lego League	-	2 st.	2 st.
Stærðfræði 103	-	-	2 st.

BUNDIÐ VAL

Náttúrufræði I 2 stundir á viku

Í boði fyrir nemendur í 9. bekk

Námsþættir: Líffræði/kynfræðsla.

Námsgögn: Æxlun mannsins (hefti), Mannslíkaminn og efni af veraldarvef.

Yfirferð: Hefti, bók, ítarefni og önnur verkefni.

Viðfangsefni: Æxlunarfæri mannsins, getnaður og þroski. Kynsjúkdómar og afleiðingar þeirra og getnaðarvarnir.

Mismunandi verkefni unnin:

- ritgerðir
- myndbönd/diskar, úrvinnsla
- hópavinna

Annað ítarefni.

Náttúrufræði II 2 stundir á viku

Í boði fyrir nemendur í 10. bekk

Námsþættir: Eðlisfræði.

Námsgögn: Orkan og efni af veraldarvef.

Yfirferð: Öll bókin ásamt ítarefni og önnur verkefni s.s. verkleg.

Viðfangsefni: Rannsóknir, varmaorka, rafmagn og segulmagn, hljóð, ljós, kjarnorka.

Kennt verður með hefðbundnu sniði ásamt verklegum tímum.

Mismunandi verkefni unnin:

- ritgerðir
- myndbönd/diskar, úrvinnsla
- hópavinna

Annað ítarefni.

Samfélagsfræði I 2 stundir á viku

Í boði fyrir nemendur í 9. bekk

Námshættir: Saga.

Námshöggn: Styrjaldir og kreppa.

Yfirferð: Öll bókin ásamt ítarefni.

Lýsing: Styrjaldir, stéttabarátta, velmegun og heimskreppan, foringjaræði (Mussolini, Stalín, Hitler o.fl.).

Kennt verður með hefðbundnu sniði.

Mismunandi verkefni unnin:

- ritgerðir
- myndbönd/diskar, úrvinnsla
- hópavinna

Annað ítarefni.

Samfélagsfræði II 2 stundir á viku

Í boði fyrir nemendur í 10. bekk

Námshættir: Landafræði.

Námshöggn: Heimsálfurnar.

Yfirferð: Öll bókin ásamt ítarefni.

Lýsing: Ekki vitað þar sem bók er ekki komin út.

Kennt verður með hefðbundnu sniði.

Mismunandi verkefni unnin:

- ritgerðir
- myndbönd/diskar, úrvinnsla
- hópavinna
- vinna með landakort

Annað ítarefni.

VALGREINAR

Boltafræði 2 stundir á viku

Í boði fyrir nemendur í 9. og 10. bekk



Boltafræði er fyrir þá sem fá ekki nóg af boltaípróttum í leikfimi.

Námshættir:

Farið verður í leikreglur í fótbolta, körfubolta og blaki. Þjálfuð verður tækni og áður nefndar boltagreinar spilaðar.

Námshöggn:

Ástundun og virkni.

Bókfærsla 2 stundir á viku

Í boði fyrir nemendur í 9. og 10. bekk

Í bókfærslu eru kynntir undirstöðupættir bókhalds.

Markmið:

Markmiðið með kennslu í bókfærslu eru að nemendur

- þekki helstu hugtök sem notuð eru
- geti fært dagbók þar sem helstu reikningar eru notaðir
- geti gert dagbókartímabil upp og þar með fundið hvort tap eða hagnaður er af rekstri
- öðlist góðan grunn fyrir frekara nám í bókfærslu.

Námsþættir: Til þess að ná þessum markmiðum eru notuð ýmis verkefni og skýringarblöð sem skýra hugtök eins og eignir/skuldir, höfuðstóll, debet/kredit, efnahagsjafna, efnahagsreikningur og rekstrarreikningur. Nemendur æfa enn fremur dagbókarfærslur og uppgjör með fjölmörgum verkefnum, bæði í dagbók og síðan í excel. Nemendur vinna einnig heimaverkefni sem tengjast daglegu lífi (t.d. hvað kostar að stofna heimili, halda árs hátíð í skólanum o.fl.).

Námsmat: Árangur nemenda er metinn með annarprófum og mati á vinnubókum og verkefnum.

Búninga- og leikmuna-/myndgerð fyrir Skrekk 2 stundir á viku (fyrir jól)

Í boði fyrir nemendur í 9. og 10. bekk

Lýsing: Nemendur hanna og gera búninga og leikmuni fyrir Skrekkisatrið skólans.

Verkefni: Nemendur skoða á neti, bókum og blöðum hugmyndir að ýmiss konar búningum og leikmunum. Nemendur þurfa að sitja fundi hjá Skrekkshópnum til þess að vita hvað þarf að gera og þá hvernig hægt er að vinna að því. Ath. með að fara í heimsókn í eitthvert leikhúsanna til að skoða leikmuna- og búningagerð.

Markmið:

Að nemandi

- geti beitt helstu áhöldum, verkfærum og tækjum sem notuð eru við vinnu af öryggi
- noti orðaforða greinarinnar
- sýni frumkvæði við útfærslu verkefna
- þjálfist í að hugleiða mismunandi lausnir við útfærslu verkefna
- geri sér grein fyrir að öguð vinnubrögð eru mikilvægur þáttur í allri vinnu
- leggi áherslu á sjálfstæði við vinnu sína á grundvelli fyrra náms
- vinni sjálfstætt að eigin textílverki og beiti áunninni þekkingu

Kennsluaðferðir: Verkefni lögð fyrir hóp og síðan einstaklingskennsla. Áhersla lögð á frumkvæði, sköpun, vandvirkni. Brýnt er fyrir nemendum að temja sér vönduð vinnubrögð, góðan frágang verkefna og noti rétt áhöld við vinnu sína og umgangist þau af alúð.

Námsmat: Verkefni 70%, vinnusemi, frágangur verkefna, færni og sjálfstæði 30%. Verkefni eru metin jafnóðum. Í lok vorannar er gefnar einkunnir í tölum.



Dans 1 stund á viku

Í boði fyrir nemendur í 8., 9. og 10. bekk

Markmið:

- Að gefa nemendum tækifæri til að tjá og túlka hugsun sína, hugmyndir og tilfinningar með líkamstjáningu.
- Að stuðla að öryggiskennd einstaklinga innan hópsins og tillitsemi við aðra.
- Að stuðla að færni í samræmingu hreyfinga og tónlistar og sjálfstrausti til að dansa við óþekkt lög.
- Að stuðla að skilningi á sérkennum ólíkra menningarheima.



Námshættir:

- Samkvæmisdansar.
- Þjóðdansar.
- Gömlu dansarnir.
- Línudansar.
- Hip hop og free style í bland við hópleiki með og án tónlistar.

Námsmat: Ástundun og virkni.

Enski boltinn 2 stundir á viku

Í boði fyrir nemendur í 9. og 10. bekk

Markmið:

- Innsýn inn í enska boltann frá hinum ýmsu sjónarhornum, t.d.
 - ýmis tölfræði
 - efri og neðri deildir
 - árangur einstaklinga og liða
 - leikgreining
 - eldri leikir
 - vettvangsferð
 - o.fl sem til fellur
- að nemandi geti myndað sér hlutlaus skoðun um ýmsa leiki og atburði.

Leiðir að markmiðum og námshættir: Kíkt verður á svipmyndir frá leikjum helgarinnar. Nemendur gefa stuttar skýrslur um einstaka leiki. Umræður um einstaka atvik s.s. flott mörk, skemmtilegt spil, markvörslur, varnarleik, umdeild atvik o.fl.

Námshöggn: Netíð, stílabók, ritföng, sjónvarp(heima) o.fl.

Námsmat: Ekki er prófað sérstaklega í þessum áfanga en virkni í tímum, skýrsluskil og önnur verkefni verða til námsmats.

Félagsstörf 2 stundir á viku

Í boði fyrir nemendur í 8., 9. og 10. bekk

Markmið:

- að nemendur taki þátt í að efla og móta félagsstarf í skólanum og Fjörgyn
- að nemendur komi að því að skipuleggja og undirbúa ýmsar uppkomur í samvinnu við kennara skólans og starfsfólk Fjörgynjar
- að nemendur þjálfist í ýmsum hliðum félagsstarfa s.s. fundastörfum, ræðumennsku, framkomu, áætlanagerð, útgáfu skólafrétta o.s.frv.

Námshættir: Stefnt er að því að nemendur gefi út skólafréttir öðru hverju (í blaða- og/eða vefsíðuformi) og undirbúi og skipuleggi með kennurum og starfsfólki

Fjörgynjar ýmsar uppákomur s.s. jólaball, árshátíð og fleira. Nemendur eru hvattir til að koma með hugmyndir að uppákomum.

Nemendur sem sækja um þessa valgrein verða að vera tilbúnir til að vinna að félagsstörfum utan venjulegs skólatíma. Gert er ráð fyrir að nemendur mæti oftast í janúar og febrúar (við undirbúning árshátíðar) en ljúki áfanganum í apríl í staðinn. Þeir sem ekki komast aukalega vinna þá annað verkefni í samráði við kennara.

Nemendur sem kosnir verða í stjórn nemendafélags skólans fara sjálfkrafa í þessa valgrein.

Inntökuskilyrði: Nemendur sem kosnir eru í nemendaráð ganga fyrir í þessari valgrein. Að öðrum kosti er litið til þess að nemendur hafi stundað vel nám sitt og verið öðrum til fyrirmyndar hvað varðar umgengni, stundvísi og hegðun.

Námsmat: Virkni nemenda, mæting, frumkvæði og áhugi verða metin til einkunnar.

Fjölmiðlun 2 stundir á viku

Í boði fyrir nemendur í 9. og 10. bekk sem hafa einkunnina 8 eða hærra í íslensku

Markmið:

- að nemendur kynnist fjölmiðlum, sögu þeirra og starfsemi
- að nemendur læri að afla fréttu og vinna þær til miðlunar, taka viðtöl og vinna til birtingar með mismunandi aðferðum og temja sér fagleg vinnubrögð og vandvirkni í meðferð heimilda
- að nemendur kynnist ólíkum vinnubrögðum fyrir prentaða miðla og ljósvakamiðla

Námshættir: Nemendur vinna fréttir úr skólanum og hverfinu og ganga frá til birtingar. Nemendur lesa sér til um sögu fjölmiðla, kynna sér íslenska fjölmiðla og fræðast um starfsemi þeirra. Reynt verður að komast í heimsókn/heimsóknir til fjölmiðla.

Námsmat: Ástundum og virkni nemenda í tímum ásamt verkefnavinnu 50%. Próf í lok haustannar og vorannar 50%. Á miðönn kemur til stærra verkefni í stað prófs.

Förðun I 1 stund á viku

Í boði fyrir nemendur í 9. og 10. bekk

Markmið:

Að nemandi læri almennan þrifnað, bæði gagnvart sjálfum sér og nánasta umhverfi sínu. Að nemandi læri um almenna snyrtingu svo sem umhirðu líkama og húðar og undirbúning hennar undir förðun, einnig læra nemendur um plokkun, milda förðun (dagförðun), sterka förðun (kvöldförðun) og tískuförðun að eigin vali. Nemandi lærir einnig að beita förðunarlitum til þess að fela ýmsa útlitsgalla svo sem litaflekki í húð, leiðréttingu á augnsvæði og andlitslögum. Að teikna (á blaði) og lita andlitsþætti svo sem augu, varir og nef, einnig leiðrétta á vinnu blöðum ýmsar skekkjur sem á þessum svæðum geta leynst. Einnig má athuga með kennslu í hönnun og útfærslu á fantasíuförðun (leikhúsförðun) á andlit eða hendur.

Námstilhögun: Nemendur fá hefti með öllu námsefni og farið verður munnlega í gegnum þau verkefni sem í heftinu eru og þrjár farðanir æfðar. Nemendur mega vel æfa sig hver á öðrum heima. Nemendur skiptast á að farða hver annan í kennslustundum til þess að fá verklega reynslu, bæði sem módel og farðari.

Námsmat: Metin er ástundun, hegðun, áhugi og frumkvæði og vinnuhefti.

Námsefni/bækur: Vinnuhefti sem útbúið er af kennara. Förðunarbækur fengnar að láni á bókasafni, tískublöð og fleira eins og tími vinnst til.

Förðun II 1 stund á viku

Í boði fyrir nemendur í 9. og 10. bekk sem lokið hafa förðun I eða sambærilegu námi

Markmið:

Farið verður í framhald á þeim förðunum sem teknar voru fyrir í „förðun I; milda förðun (dagförðun), sterka förðun (kvöldförðun) og tískuförðun að eigin vali“ að viðbættum sviðsförðun og fantasíuförðun, athugað með leikhúsförðun ef tími vinnst til. Nemendur búa til möppu með þeim förðunum sem þeir læra og skila til kennara í lok vorannar.

Námstilhögun: Nemendur fá hefti með öllu námsefni og farið verður munnlega í gegnum þau verkefni sem í heftinu eru. Nemendur mega æfa sig hver á öðrum heima en aðallega skiptast nemendur á að vera módel og farðari í kennslustundum til þess að fá sem mesta verklega þjálfun.

Námsmat: Metin er ástundun, hegðun, áhugi og frumkvæði og vinnuhefti.

Námsefni/bækur: Vinnuhefti sem útbúið er af kennara. Förðunarbækur fengnar að láni á bókasafni, tískublöð og fleira eins og tími vinnst til.

Fornám ökunáms 1 stund á viku

Í boði fyrir nemendur í 10. bekk

Markmið:

- að nemendur öðlist skilning á umferðinni í nútíma samfélagi svo sem umferðarreglum, lestri umferðar, umferðarmerkjum
- bifreiðin og umhirða, öryggisbúnaður, ástand, kostnaður við rekstur bifreiðar o.fl.
- akstur og hinn mannlegi þáttur, vegurinn og vegfarendur, ábyrgð, tryggingar, tillitssemi
- að auðvelda nemendum að taka bílpróf



Kennsluhættir: Fyrirlestrar um áður kynnta þætti. Notkun myndvarpa, myndbanda, stuttar ritgerðir, ýmis verkefni sem tengjast faginu unnin í tölvu.

Námshættir: Umferðarmerkin, yfirborðsmerkingar, farið er yfir öll umferðarmerkin og nemendur látnir túlka þau og gildi þeirra.

Heimavinna: Nemendur verða að standa skil á ákveðinni verkefnavinnu.

Námsmat: Vinnubók 50%, lokapróf 50%.

Graffití 2 stundir á viku

Í boði fyrir nemendur í 8., 9. og 10. bekk

Markmið:

Að nemendur kynnist bakgrunni veggjalistar, íslenskrar og erlendrar, og læri um mun á veggjalist og veggjakroti. Nemendur fara í vettvangsferð til að skoða veggjalist. Nemendur nota tölvutækni til að skoða og læra um veggjalist. Nemendur vinna í hópum að veggjalist auk þess að gera einstaklingsverkefni.

Námsefni: ljósritað efni og upplýsingar af netinu.

Verkefni: Minni verkefni jafnt og þétt, bæði verkleg og bókleg.

Námsmat: Ástundun og verkefni.

Heilsusmiðja - jóga/heilsufæði 2 stundir á viku

Í boði fyrir nemendur í 9. og 10. bekk

Fyrir þá sem hafa áhuga á heilsutengdu efni. Hvor þáttur um sig er kenndur hálfan veturinn.

Markmið:

- að nemendur kynnist matreiðslu á grænmetis- og jurtaréttum
- að vinna með hráefni úr kornvörum, baunum og lífrænu hráefni
- að vinna með fisk og kjúkling í heilsutengdu samhengi
- að kynnast undirstöðuatriðum jógafræðinnar
- að læra grunnstöður og öndunaræfingar
- að liðka líkamann.



Námsþættir: Heimilisfræði → matreiðsla á grænmetis- og jurtaréttum, fiskréttum og kjúklingaréttum. Vettvangsferðir í verslanir og matvælafyrirtæki ef tækifæri gefst.

Námsþættir: Jóga → jógaæfingar, öndunartækni.

Kenntuáferðir: Verklegar æfingar og bókleg verkefni.

Námsmat: Verkefnavinna, vinnubrögð, virkni, áhugi, jákvæðni og ástundun.

Heimilisfræði I 2 stundir á viku (hálfan vetur)

Í boði fyrir nemendur í 8., 9. og 10. bekk

Markmið:

- að elda almennan heimilismat og byggja á þann grunn sem hefur verið lagður í greininni
- að læra vinnubrögð og mikilvægi hreinlætis við eldhússtörf
- að kynnast bakstri af ýmsum toga
- að fá innsýn í matargerð frá öðrum þjóðum og læra að undirbúa litlar veislur
- að kynnast fjölbreyttu hráefni úr öllum fæðuflokkum
- að þekkja ráðleggingar Lýðheilsustöðvar.

Námsþættir: Matreiðsla, akstur, næringarfræði/næringarforrit.

Kenntuáferðir: Bein kennsla, samvinnunám, verklegar æfingar, viðfangsefni tengd daglegu lífi.

Námsmat: Verkefnavinna, virkni, áhugi, jákvæðni og mæting, samvinna og hópumsjón.



Heimilisfræði II 3 stundir á viku (allt árið)

Í boði fyrir nemendur í 9. og 10. bekk

Fyrir áramót: Smáköku- og tertuskreytingar.

Markmið: Nemandi lærir að lesa uppskriftir og fylgja leiðbeiningum, baka smákökur og tertur og skreyta með ýmsum tegundum af hráefni og kökuskrauti. Nefna má kökur eins og rjómatertur, smurbrauðstertur, súkkulaðitertur, afmælistertur og jólatertur/kökur, smákökur eins og brownies, piparkökur, muffins o.fl. Byrjað er á einföldum uppskriftum og skreytingum sem síðan verða flóknari þegar líður á önnina. Unnið er í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla en einnig er efnið teyggt út fyrir umgjörð hennar.

Tekið skal fram að ætlast er til að nemandi hafi þegar lært grundvallarþætti eins og almenn þrif og umgengni í eldhúsi sem kennt er frá 1. – 7. bekk.

Námstilhögun: Verklegr þjálfun eingöngu.

Námsmat : Metinn skal árangur nemanda í hverjum tíma fyrir sig (símat), ástundun, frágangur og hegðun. Í lok annar þjóða nemendur síðan til veislu dómnefnd sem aðstoðar kennara við að dæma frammistöðu nemenda.

Námsefni: Kökuskreytingabækur, fengnar að láni á bókasafni, uppskriftahefti sem kennari tekur saman. Kökuskreytingablöð og bækur.

Eftir áramót: Matreiðsla.

Markmið: Að nemandi læri bæði almenna og flókna matreiðslu, kynnist framreiðslu og borðskrauti. Byrjað er á einföldum uppskriftum sem síðan verða flóknari eftir því sem líður á námskeiðið. Unnið er í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla en einnig verður efni teygt út fyrir ramma hennar.

Tekið skal fram að ætlast er til að nemandi hafi þegar lært grundvallarþætti eins og almenn þrif og umgengni í eldhúsi sem kennt er frá 1. – 7. bekk.

Námstilhögun: Verklegr þjálfun eingöngu.

Námsmat : Metinn skal árangur nemanda í hverjum tíma fyrir sig (símat), ástundun, frágangur og hegðun.

Námsefni: Matreiðslubækur, fengnar að láni á bókasafni, uppskriftahefti sem kennari tekur saman. Tímarit eins og Gestgjafinn.

Hreyfimyndagerð - 2 stundir á viku

Í boði fyrir nemendur í 8., 9. og 10. bekk

Markmið:

Nemendur vinna hreyfimyndir eftir eigin handriti. Má vera út frá ákveðinni sögu sem heimildamynd, tónlistarmyndband eða eitthvað allt annað.

Kennslutilhögun: Unnið er í 3-4 manna hópum, hámark 16 nemendur.

Fyrstu skiptin vinna nemendur handrit og skipulag fyrir upptökur, síðan er búið til umhverfi og persónur, myndin tekin upp og unnin í imovie.

Námsmat: Námsmat samanstendur af virkni, vinnubrögðum og verkefnaskilum.

Lagt er mat á hugmyndaauðgi og útfærslu.

Hönnun og smíði - 2 stundir á viku

Í boði fyrir nemendur í 8., 9. og 10. bekk

Markmið:

- að geta útfært hugmyndir sínar í gegnum hönnunarferlið
- að geta beitt fríhandarteikningu við hönnun, skilgreint hugmyndir sínar, s.s. lögun, form, lit, stærð, hlutföll, áferð, yfirborðsmeðferð og stíl
- að geta metið, prófað og rannsakað eigin verk
- að öðlast færni í verktækni og verkþekkingu
- að sýna öguð vinnubrögð og vandvirkni.

Viðfangsefni: Verkefni þar sem reynir á hugmynda- og sköpunarvinnu, frumkvæði og færni nemenda í útfærslu og efnisvali eigin hugmynda. Skylduverkefni og frjáls verkefni að því loknu.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, sýnikennsla, hugmyndavinna, sköpun, verkefnavinna.

Námsmat: Námsmat samanstendur af virkni, vinnubrögðum og verkefnaskilum í tímum. Lagt er mat á hugmyndaauðgi, útfærslu, efnisval og notkunareiginleika.

Íslenska 103 2 stundir á viku

Í boði fyrir nemendur í 10. bekk. Skilyrði er að nemendur hafi fengið að lágmarki 8 í íslensku að vori í 9. bekk.

Áhersla er lögð á læsi, ritun, tjáningu og setningafræði. Stuðst er við áfangalýsingu og námsáætlun Fjölbrautaskólans í Ármúla

Markmið:

- auka lestrarhraða og bæta lesskilning með lestri fjölbreyttra bókmennta
- þekkja ýmis hugtök bókmenntafræðinnar svo sem sjónarhorn, hlutlægni og huglægni, innri og ytri tíma, persónusköpun, myndmál og helstu undirhugtök þess, umhverfi og sögusvið, fléttu, boðskap o.fl.
- hafa öðlast talsverða leikni í ritun og ritgerðasmíð og kunna að byggja upp bókmenntaritgerð með hugtökum bókmenntafræðinnar
- þekkja helstu setningahluta og kunna skil á aðal- og aukasetningum, geta notað setningafræði lítilla við stillýsingu, einkum varðandi orðaröð
- kunna málfræði sér til gagns við stafsetningu og þjálfast í réttiritun
- styrkja færni sína í tjáningu
- kunna greinarmerkjasetningu

Námsmat: Lokapróf 65%, verkefni unnin á önn 35%.

Íþróttufræði 2 stundir á viku

Í boði fyrir nemendur í 9. bekk

- Þeir sem velja íþróttufræði verða að hafa brennandi áhuga á íþróttum. Bókleg og verkleg kennsla.

Námshættir:

- þjálfunarfræði, almenn líkamsrækt, íþróttameiðsl og skyndihjálp
- helstu knattleikir: knattspyrna, handknattleikur, körfuknattleikur, blak
- aðrar íþróttgreinar s.s. fimleikar og frjálssar íþróttir.

Verklega kennslan fer fram í íþróttamiðstöðinni í Grafarvogi.

Leiklist/Skrekkur 3 stundir á viku (hálfan veturinn)

Í boði fyrir nemendur í 8., 9. og 10. bekk

Markmið:

- að nemendur þjálfist í framsögn og framkomu
- að ýta undir frumleika í hugsun og verki
- að nemendur þjálfist í hópvinnu og því að treysta á aðra

Námshættir: Nemendur semja og setja upp tvö leikverk. Annars vegar er það atriði skólans fyrir Skrekk (hæfileikakeppni grunnskólanna) og hins vegar styttra verk, byggt á spuna. Handrit, æfingar, leikmyndahönnun/-smíði og búningahönnun/-saumur fer fram í kennslustundum en nemendur þurfa að vera tilbúnir að mæta utan skólatíma þegar líður að sýningum!

Inntökuskilyrði: Að nemendur hafi áhuga á leiklist, handritagerð, búninga-/leikmyndahönnun. Gert er ráð fyrir að inntökupróf verði haldin í vor í hverjum skólanna þriggja og þau höfð til hliðsjónar þegar ráðað verður í greinina að hausti.

Námsmat: Virkni nemenda, mæting, frumkvæði og áhugi verða metin til einkunnar.



Leirlist 2 stundir á viku

Í boði fyrir nemendur í 8., 9. og 10. bekk

Í leirlistarvali munu nemendur læra ýmis undirstöðuatriði í hönnun leirhluta og búa síðan til þá hluti sem þeir hanna. Ýmis dæmi um leirlist í listasögunni verða skoðuð. Farið verður yfir mismunandi efni og kenndar mismunandi aðferðir í vinnu með leir. Þeir hlutir sem hægt verður að búa til eru meðal annars: skálar, grímur, kertastjappar, veggmyndir, vasar, lampar, stytur, skartgripir og nánast hvaðeina sem ímyndunaraflið getur fundið upp á. Einnig munu nemendur fá kynningar á erlendum og íslenskum leirlistamönnum og farið verður í heimsóknir á vinnustofur leirlistamanna og í gallerí. Stefnt er að því að vinna að minnsta kosti eina leirbrennslu á hvorri önn í samvinnu við Gufunesbæ þar sem brennt verður utandyra með frumstæðum aðferðum.

Líkamsrækt 2 stundir á viku

Í boði fyrir nemendur í 9. og 10. bekk

Námsþættir: Ert þú áhugalaus um boltaíþróttir en vilt samt sem áður hreyfa þig og stunda líkamsrækt?

Í líkamsræktaráfanga er boðið upp á góða hreyfingu sem auðveldar nemanda að komast í betra form hvað varðar styrk og úthald. Einnig verður fræðsla í þjálffræði.

Námsmat: Ástundun og virkni.



Myndlist 2 stundir á viku

Í boði fyrir nemendur í 8., 9. og 10. bekk

Markmið:

- að nemendur þjálfni færni í hefðbundnum grunnþáttum og aðferðum myndlistar. Byggt verður ofan á áður lærða þætti
- að nemendur geti tjáð sig á persónulegan og skapandi hátt í myndgerð
- að nemendur auki þekkingu sína á list fortíðar og samtímans

Námsþættir: Að nemendur þjálfni grunnþætti og aðferðir myndlistar svo sem myndbyggingu, þrí- og fjarvídd, teikningu, málun og mótun. Samtímis verður lögð áhersla á skapandi verkefni. Farið verður á myndlistasýningar þar sem áhersla er lögð á samtímalist.

Námsmat: Vinnulag, frumkvæði, framfarir, ástundun og verkefnaskil.



Myndlist þrívídd 2 stundir á viku

Í boði fyrir nemendur í 8., 9. og 10. bekk

Markmið og námstillhögun:

Að nemendur læri fyrst að búa til þrívíð verk að eigin vali, til dæmis skál eða dýralíki úr pappamassa, sem þau síðan máli og skreyti að vild með til dæmis náttúrulegum laufum, steinum eða öðru. Síðan verður farið í flóknari byggingu þar sem byrjað er á að teikna grunnmynd og ákveða efni í grunn eða innri byrði, til dæmis stytta eða dýralíki. Að lokum verður svo unnið ytra byrði úr gifsi. Verkið málað og / eða skreytt.

Námsmat: Metin er ástundun, hegðun, áhugi og frumkvæði og hefti.

Nám utan skóla 2 stundir á viku

Í boði fyrir nemendur í 8., 9. og 10. bekk

Þeir nemendur, sem stunda formlegt nám utan skóla, geta fengið það metið sem hluta af grunnskólanámi. Þar er t.d. átt við tónlistarnám í viðurkenndum tónlistarskóla, markvissa þjálfun hjá íþróttafélagi eða leiðtoganám í æskulýðsstarfi. Hver grein utan skóla jafngildir 2 kennslustundum á viku í vali og getur nemandi fengið mest metnar 4 kennslustundir á viku stundi hann nám utan skóla í tveimur aðskildum greinum. Ber þá að skila inn staðfestingu frá skóla eða kennsluaðila að hausti þar sem fram kemur tímafjöldi, lýsing á námi, uppbygging og markmið. Þá þarf í tvígang að skila inn mati á árangri nemandans eftir veturinn og yfirliti yfir tímasókn.

Samkvæmt lögum um grunnskóla er viðkomandi sveitarfélagi ekki skylt að standa straum af kostnaði sem af þessu leiðir.

Forráðamaður sækir skriflega um fyrir barn sitt og ber ábyrgð á ástundun gagnvart skólanum.

Prjón og hönnun 2 stundir á viku

Í boði fyrir nemendur í 9. og 10. bekk

Lýsing: Prjón, nemendur læri að nota fyrri kunnáttu í prjóni, æfi og þjálf frekar þann færniþátt, umgengni við garn og prjóna, geti prjónað einfalda peysu.

Verkefni: Nemendur geri einfalda peysu að eigin vali, má vera barnapeysa. Læri að fitja upp, auka út, taka úr og fella af. Nemendur læri að prjóna og horfa á mynd í leiðinni. Farið verður á kaffihús og prjónað.

Markmið:

Að nemandi

- geti beitt helstu áhöldum, verkfærum og tækjum sem notuð eru við vinnu af öryggi
- noti orðaforða greinarinnar
- sýni frumkvæði við útfærslu verkefna og í verkefnavali
- þjálfist í að hugleiða mismunandi lausnir við útfærslu verkefna
- geri sér grein fyrir að öguð vinnubrögð eru mikilvægur þáttur í allri vinnu
- leggi áherslu á sjálfstæði við vinnu sína á grundvelli fyrra náms
- vinni sjálfstætt að eigin textílverki og beiti áunninni þekkingu í prjóni
- læri að prjóna eftir uppskrift og þekki merkingar í uppskriftum
- geri tilraunavinnu út frá eigin hugmynd að textílverki



Kennsluaðferðir: Verkefni lögð fyrir hóp og síðan einstaklingskennsla. Áhersla lögð á frumkvæði, sköpun, vandvirkni. Brýnt er fyrir nemendum að temja sér vönduð vinnubrögð, góðan frágang verkefna og að nota rétt áhöld við vinnu sína og umgangast þau af alúð.

Námsmat: Verkefni 70%, vinnusemi, frágangur verkefna, færni og sjálfstæði 30%. Verkefni eru metin jafnóðum. Tölueinkunn í lok vorannar.

Skák 1 stund á viku

Í boði fyrir nemendur í 8., 9. og 10. bekk

Markmið:

- að læra undirstöðu skáklistarinnar
- að læra sögu skáklistarinnar
- að læra byrjanir, miðtafl og endatafl
- að tefla innbyrðis og eins að taka þátt í mótum

Til að öðlast leikni í skáklistinni þarf til bæði kunnáttu og æfingu.



Námsmat: Ástundun og virkni í tímum.

Slökun, hugleiðsla og heilbrigðir lífshættir 1 stund á viku

Í boði fyrir nemendur í 8., 9. og 10. bekk

Markmið:

- að gefa nemandanum tækifæri til að þjálfa sig í því að slaka á líkama og huga
- að þjálfa ýmsar aðferðir til slökunar
- að fræðast um áhrif slökunar og afleiðingar streitu
- að fjalla um ýmsa þætti heilbrigðra lífshátta, svo sem hvíld, mataræði, svefn, hreyfingu o.fl.
- að æfa hugleiðslu með sjónsköpunaræfingum.

Námshættir:

- slökun við ýmsar aðstæður, innan dyra og utan. Skoðaðar verða slökunaræfingar, slökun með tónlist, litum, útivist o.fl.
- umræður og kynningar af ýmsum toga.



Námsmat: Ástundun og virkni. Mikil áhersla er lögð á að nemendur fylgi fyrirmælum kennara hverju sinni og taki þátt í kennslustundum. Hámarksfjöldi nemenda 18.

Spænska 2 stundir á viku

Í boði fyrir nemendur í 9. og 10. bekk

Markmið:

Að nemendur

- geti lesið einfalda texta og tekið þátt í einföldum samræðum
- nái tókum á orðaforða tengdum ferðalögum svo hægt sé að bjarga sér í spænskumælandi löndum
- grunnur að áframhaldandi spænskunámi.

Námstilhögun: Kennarar verða setningar sem notaðar eru í daglegu tali (hópavinna).

Aukið verður smátt og smátt við tjáningu og skilning með stuttum samræðum.

Bingó og aðrir leikir á spænsku spilaðir.

Horft á 3 spænskar bíómyndir.

Námsefni:

- Mundos uno.
- Spænskar og suður-amerískar smásögur.
- Tímarit.
- Ele uno og Ele dos.

Námsmat: Krossapróf, 4 skilaverkefni, þátttaka í kennslustund og í hópavinnu.

Inntökuskilyrði: Nemendur þurfa að hafa **náð 8,0 í lágmarkseinkunn í íslensku** til að geta nýtt sér nám í spænsku.

Stafræn ljósmyndun og myndvinnsla 2 stundir á viku

Í boði fyrir nemendur í 10. bekk

Markmið:

- að nemandinn fái innsýn í möguleika ljósmyndunar sem miðils og öðlist þekkingu á þýðingu ljósmyndunar sem listgreinar
- að nemandinn læri grundvallaratriði forritsins Photoshop, s.s. klippa bakgrunn frá myndhlutum, vinna með lög, lagfæringar, síur o.fl.



- að nemandinn auki þekkingu sína á stafrænni ljósmyndun og myndvinnslu

Námsþættir:

- nemendur taka fyrir viss verkefni sem þjálfa þá í ljósmyndun s.s. andlitsljósmyndun, þröngt sjónarhorn, náttúru ljósmyndun, búningaljósmyndun
- farið verður í ákveðin verkefni til að ná tökum á myndvinnslu
- nemendur vinna samsettar myndir úr eigin ljósmyndamöppu og setja inn texta í valin verkefni.

Námsmat: Verkefni nemenda verða metin til einkunnar m.t.t. útkomu verka, vinnubragða, virkni og ástundunar.

Inntökuskilyrði: Nemendur þurfa að geta komið með myndavélar sjálfir, æskilegt er að þeir að hafa náð einkunn 8,0 í upplýsingamennt.

Textílmennt 2 stundir á viku

Í boði fyrir nemendur í 8., 9. og 10. bekk

Markmið:

Að nemendur

- kynnist almennu handverki textílgreinarinnar
- sýni frumkvæði í verkefnavali og vinnu
- geti heklað og/eða prjónað eftir einföldum leiðbeiningum
- geti spólað og þrætt saumavél að mestu leyti sjálfir
- tileinki sér orðaförða textílgreinarinnar
- tileinki sér vandvirkni, góða umgengni og rétta meðferð áhalda og véla
- geri sér grein fyrir að öguð vinnubrögð eru mikilvægur þáttur í handverki
- geti metið og endurmetið eigin verk eða hugmynd á öllum stigum vinnuferlisins og rökstutt matið.



Námsþættir:

- nemendur gera bók þar sem þeir skrá vinnu í tímum, mat á eigin verkefnum og vinnubrögðum jafn óðum
- ýmis verkefni innan handverks textílgreinarinnar
- frjáls verkefni. Nemendur vinna sjálfstætt að eigin verkefni og beita þar áunninni þekkingu í prjóni, hekli, útsaumi og/eða vélsaumi. Þeir skipuleggja eigið vinnuferli, gera skriflega vinnuáætlun og lauslegar skissur að verkefnum.

Námsmat: Lagt verður mat á vinnu nemenda jafnt og þétt, símat. Tölueinkunn í lok. Eftirtalin atriði verða lögð til grundvallar á námsmati: vinnusemi, færni og góður frágangur verkefna.

Textílmennt fatahönnun 2 stundir á viku

Í boði fyrir nemendur í 9. og 10. bekk

Markmið:

- að læra að nýta gömul föt og sjá möguleika á nýtingu þeirra
- að búa til eigin flíkur og læra að vinna frá hugmynd að fullbúinni flík
- að nýta gamlar flíkur og breyta þeim og gefa þeim nýtt líf.

Námsþættir:

Setja hugmyndir niður á blað sem síðar fara í verkmöppu.

Hanna nýjar flíkur úr gömlum.

Kennsluáferðir:

- vettvangsferðir



- sýnikennsla
- verklegar æfingar
- hugmyndavinna
- sköpun.

Heimavinna: Engin heimavinna nema nemendur kjósi það sjálfir.

Námsmat: Verkefnavinna, vinnubrögð, virkni, áhugi, frumleiki og jákvæðni.

Inntökuskilyrði: Áhugi á hönnun.

Tónlist - samspil 2 stundir á viku

Í boði fyrir nemendur í 8., 9. og 10. bekk

Markmið

- að æfa grunnatriði á mismunandi hljóðfæri
- að læra hljómfraði og hljómagang (t.d. A D E)
- að þjálfra tónheyrn hvað varðar þúsl, innkomu og takt
- að læra texta og lög
- sækja lög og texta á netmiðla
- samspil á mismunandi hljóðfæri
- spila jólalögin á litlu jólum hjá unglingum og/eða hjá yngri stigum
- flytja tónlist við ýmsa atburði í skólanum.



Námsþættir: Létt tónfræði og lestur takts. Hljómfraði á píanó og gítar, hrynhljóðfæri, bassi, söngur. Í samspili verður byrjað með auðveld lög og síðan velja nemendur í samráði við kennara hvaða lög verða flutt. Nemendur koma sér saman um hverjir spila saman. Nemendur velja sér aðalhljóðfæri eða söng en þurfa samt að prófa og æfa flesta þættina.

Námsmat: Vinna í tímum, samspil á litlu jólum, tónlistarflutningur á árshátíð og samspil við hver annarlök í Fjörgyn.

Upplýsingamennt 2 stundir á viku

Í boði fyrir nemendur í 9. og 10. bekk

Markmið þessa námskeiðs er að auka færni og þekkingu nemandans á hinum ýmsu forritum og verkfærum sem tölva í dag hefur upp á bjóða. Möguleikar margmiðlunar verða kynntir ítarlega sem og gerð handrita og stuttmynda. Farið verður í grunnreglur stafrænnar myndvinnslu auk þess sem nemendur munu smíða heimasíður sem tengjast náminu á einn eða annan hátt.

Helstu námsþættir:

- myndvinnsla
- hljóðvinnsla
- heimasíðugerð
- Microsoft Office tól og tæki

Námsmat: Verkefni unnin í tímum 50%. Lokaverkefni 50%.



SAMEIGINLEGT VAL GRUNNSKÓLANNA Í GRAFARVOGI

Enska 103 2 stundir á viku

Í boði fyrir nemendur í 10. bekk sem eru með einkunnina 9 eða hærrí úr 9. bekkjar ensku

Farið er yfir undirstöðuatriði enskrar málfræði. Áhersla er lögð á lestur texta með það fyrir augum að byggja upp virkan og hagnýtan orðaforða. Hraðlesíð efni valið við

hæfi nemenda. Markvissar hlustunaræfingar. Enskt talmál æft m.a. í tengslum við lestrar- og hlustunarefni. Skriflegi þátturinn þjálfður með fjölbreyttum æfingum í tengslum við þá efnisflokka sem unnið er með. Nemendum leiðbeint í notkun orðabóka. Lesnar eru smásögur og skáldsaga sem hæfa getustigi nemenda. Ýmis önnur verkefni, sem sameina eiga alla færniþætti tungumálsins og byggja upp almennan og sérhæfðan orðaforða, eru unnin jafnt og þétt á önninni. Námsmat fer fram í formi prófs í lok annar ásamt ýmsum verkefnum og prófum á önninni.

Markmiðin eru að nemendur geti:

- hlustað á margvíslegt efni sem ekki er endilega ætlað til enskukennslu (raunefni), dregið út upplýsingar og tileinkað sér ný orð
- geti tekið þátt í almennum samræðum á ensku, t.d. innan kennslustofunnar, við skólafélaga og kennara sem og við enskumælandi fólk eftir því sem tækifæri gefst til
- geti lesið fjölbreytta texta, t.d. óstyttu bókmenntatexta ætlaða enskumælandi fólki, aðgengilega fræðitexta af ýmsum sviðum og almennt efni í blöðum, tímaritum og á netinu
- geti skrifað um fjölbreytt efni, t.d. í formi rökfærsluritgerða og ýmissa styttri ritaðra texta
- kunni skil á grundvallaratriðum enskrar málfræði
- geti notað orðabækur sér til gagns og ekki einungis til að komast að merkingu orða heldur einnig varðandi notkun þeirra, orðflokk og framburð

Námsmat verður í samræmi við námsmat í Borgarholtsskóla. Ástundun nemenda, vinnusemi og verkefni á önninni verða metin ásamt lokaprófi að vori.

First Lego League 2 stundir á viku

Í boði fyrir nemendur í 9. og 10. bekk

Skv. stundatöflu eru 2 stundir á viku fyrir áramót en kennslufyrirkomulag er þannig að tímar eru kenndir í lotum frá skólabyrjun fram að keppni sem er um miðjan nóvember og telst keppnisdagur (vanalega laugardagur) sem nokkrar kennslustundir. Kennsla felst því í að undirbúa nemendur undir keppni og keppa í First Lego League keppni sem haldin er árlega í nóvember. Keppnin er haldin á vegum verkfræði- og náttúruvísindasviðs Háskóla Íslands, Keilis og Barnasmiðjunnar. Þar er keppt í 6 þáttum:

- besta rannsóknarverkefnið (árlega er valið þema sem snýr að einhverju aðkallandi verkefni í umhverfi okkar)
- besta hönnun og forritun á vélmenni
- besti árangur í þrautabraut (það lið sem nær bestum árangri miðað við tíma í þrautabraut)
- besta dagbókin (dagbók haldin um ferli verkefnisins)
- besta skemmtiatriðið (hvert lið kemur með heimatilbúið skemmtiatriði)
- besta liðsheildin
- besta lausn í þrautabraut (óháð tíma)

Markmið með þessu verkefni eru m.a. að nemendur læri að

- rannsaka og leysa raunverulegt vandamál sem byggir á þema áskorunarinnar
- kynna rannsóknir sínar og lausnir
- smíða sjálfvirkt vélmenni með verkfræðilegum aðferðum
- skrá niður ferli verkefnisins og kynna það.

Frekari upplýsingar er að finna á: <http://firstlego.is/>.

Námsmat: Vinna í tímum og á keppnisstað s.s. frumkvæði, vinnubrögð og ástundun. Nánar um námsmat: rannsóknarverkefni 25%, vélmenni 45%, dagbók 15% og skemmtiatriði 15%.

Stærðfræði 103 2 stundir á viku

Í boði fyrir nemendur í 10. bekk sem eru með einkunnina 8 eða hærrí úr 9. bekkjar í stærðfræði

Námskeiðið er á framhaldsskólastigi og hentar því þeim sem hafa ágæt tök á stærðfræðinni. Lögð verður áhersla á að nemendur temji sér sjálfstæð og nákvæm vinnubrögð.

Í áfanganum er talnameðferð rifjuð upp. Einnig er fjallað um grundvallaratriði algebru, jöfnur, hnitakerfi, jöfnu beinnar línu, rúmfræði, hlutföll og hornaföll í réttthyrndum þríhyrningi. Lagður er grunnur að vinnubrögðum í stærðfræði, nákvæmni í framsetningu, röksemdafærslum og lausnum verkefna.

Markmið eru að nemendur:

- geti sett upp og leyst verkefni sem fela í sér jöfnur og formúlur
- geti beitt fjölbreyttum vinnubrögðum við lausn stærðfræðilegra verkefna
- efli reikningslega færni sína
- auki kunnáttu sína í táknrænni túlkun
- fái yfirsýn yfir reiknireglur
- fái þjálfun í skilmerkilegri framsetningu
- þjálfi rökræna hugsun.

Námmsgögn: Stærðfræði 103 eftir Jón Þorvarðarson .

Námsmat: Ástundun nemenda, vinnusemi og verkefni á önninni verða metin ásamt lokaprófi að vori.

FRAMHALDSSKÓLAÁFANGAR Í BORGARHOLTSSKÓLA

Málmtækni 3 stundir á viku – kennt í Borgarholtsskóla

Í boði fyrir nemendur í 9. og 10. bekk

Nemendum gefst kostur á að sækja nám í málmtækni í málmiðnaðardeild Borgarholtsskóla en skólinn er án efa best búni skóli landsins á þessu sviði.

Náminu verður skipt í fjóra - fimm verkþætti. Það fer eftir aðstæðum hverju sinni hvaða verkþættir eru kenndir. Nemendur kynnast logsuðu, plötusmíði, rennismíði, rafeindatækni og vélfræði.

Námið nýtist nemendum sem hyggja á nám í Borgarholtsskóla sem einingar í ótilteknu vali.

Nánari upplýsingar er að finna á vefslóðinni:

http://www.bhs.is/egill/egill/htm_sidur/grunnskoli.htm

FJARNÁM

Fjarnám er ætlað nemendum sem skara fram úr í námi, almennt eða í einstaka námsgreinum, t.d. nemendum sem búið hafa erlendis og hafa þ.a.l. forskot í erlendum tungumálum. Skráning í fjarnám er tvisvar á ári. Fyrir haustönn í lok ágúst og fyrir vorönn í byrjun janúar.

Algengustu áfangar sem grunnskólanemendur taka eru byrjunaráfangar í dönsku, ensku og stærðfræði auk þýsku, spænsku, íslensku og ýmsir tölvuáfangar. Allir áfangar eru settir upp í kennslumhverfinu WebCT og þar fara fram öll samskipti milli kennara, og nemenda. Í kennslukerfinu er hluti af námsefni áfangans, ítarefni,

verkefni og próf auk ýmiss annars fróðleiks. Lokapróf eru tekin í viðkomandi framhaldsskólum. Áfangarnar gefa frá einni til þriggja eininga.

Algengast er að nemendur okkar stundi fjarnám frá FÁ og er hægt að skoða betur hvað er í boði á heimasíðunni; <http://www.fa.is/fjarnam>.

Námsráðgjafi hefur umsjón með nemendahópnum sem stundar fjarnám og veitir þeim aðhald og aðstoð þegar á þarf að halda.

Mögulegt er einnig að stunda fjarnám frá öðrum framhaldsskólum.



Skólinn áskilur sér rétt til breytinga á einstökum þáttum sem fram koma í þessum bæklingi ef þörf krefur.

Foldaskóli apríl 2012
Netfang: foldaskoli@reykjavik.is
Heimasíða: www.foldaskoli.is